**From:** Ólöf Sunna Jónsdóttir
**To:** Grímsnes- og Grafningshreppur
**Subject:** Kvörtun vegna stjórnsýslu sveitarfélags
**Date:** föstudagur, 30. janúar 2026 11:17:51
**Attachments:** image001.png
Stjórnsýslukæra.pdf
Úrskurður_DMR_-_fylgiskjal.pdf
Fundargerð_Sveitarstjórnar.pdf
Ákvörðun_Þjóðskrár_vegna_kröfu_um_leiðréttingu_á_lögheimilisskráningu.pdf

---

Tilvísun í mál: IRN26010031

Innviðaráðuneytinu hefur borist meðfylgjandi erindi vegna meintrar ólögmætrar stjórnsýslu sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps og hefur erindið verið sett í þann farveg að ráðuneytið hyggst taka til skoðunar hvort að ástæða sé til að fjalla formlega um stjórnsýslu sveitarfélagsins á grundvelli 112. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Með vísan til 113. gr. sveitarstjórnarlaga er hér með óskað eftir gögnum og umsögn sveitarfélagsins varðandi aðdraganda og meðferð málsins. Skulu umbeðnar upplýsingar hafa borist ráðuneytinu rafrænt í netfangið irn@irn.is, eigi síðar en 20. febrúar nk. Að þeim fengnum mun ráðuneytið taka afstöðu til þess hvort málið gefi tilefni til frekari skoðunar af hálfu þess á grundvelli 112. gr. sveitarstjórnarlaga.

Vinsamlegast staðfestið móttöku.

Kveðja,

**Ólöf Sunna Jónsdóttir**
**Lögfræðingur / Special Advisor**
Skrifstofa sveitarfélaga, stafrænna innviða og byggðamála / Department of Local Government, Digital Infrastructure and Regional Affairs
Innviðaráðuneytið / Ministry of Infrastructure
Sölvhólsgötu 7, 101 Reykjavik, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 8200
www.irn.is - Fyrirvari/Disclaimer

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing